

Fundargerð formannafundar ÍF 2008.

Fundurinn var haldinn í fundarsal World Class, Laugardal
Laugardaginn 29. mars 2008 Kl. 10:00 - 14:00



Dagskrá

1. Skýrsla ÍF - helstu verkefni frá Sambandsþingi ÍF 2007
 - a. Nýr starfsmaður kynntur
2. Kynntur verkefnalisti 2008 - 2010
 - a. Kynnt verkefni ÍF og óskað eftir að aðildarfélög staðfesti tímasett verkefni á vegum félaga
3. Flokkunarmál
4. Ýmis mál sem varða aðildarfélög ÍF
 - a. Nýtt skráningarform
 - b. Sundbökkir til þjálfunar fatlaðra
 - c. Samstarf við GSFÍ
 - d. Samstarf við ÍF, Þjót og KSÍ
 - e. Staða nýrra íþróttagreina
 - f. Íslandsmót ÍF
 - g. Annað
5. Kynning á nýjum samstarfssamningum
6. Önnur mál
 - a. Jólakort 2008
 - b. Sambandsþing ÍF 2009
 - c. 30 ára afmæli ÍF
 - d. Kynning á hjólastólahandbolta

1.

CTH, sem fundinum stýrði bauð fundarmenn velkomna. Að því búnu kynnti SÁL nýjan starfsmann ÍF, Jón Björn Ólafsson sem taka mun til starfa um miðjan júní n.k. Var Jón Björn boðinn velkominn og óskað velfarnaðar í störum sínum fyrir sambandið.

Skýrsla ÍF frá Sambandsþingi 2007 til formannafundar hafði verið send formönnum aðildarfélaga. Óskað var eftir ábendingum eða athugasemdum vegna skýrslunnar. Farið var yfir nokkur atriði og þau skýrð nánar.

Óskað var nánari kynningar á merki IPC og upplýst var að það yrði kynnt á heimasíðu ÍF. Rætt um hvort unnt sé að íslenska orðið Paralympics. Ekki talið forsendur til þess eins og er. Fyrirspurn um úrslit í Íslandsmóti í frjálsum utanhúss 2007. Málið er í skoðun hjá skrifstofu og frjálsíþróttanefnd ÍF.

2.

Verkefnalisti var lagður fyrir og óskað upplýsinga frá félögum ÍF um verkefni sem liggja fyrir.

M.a. var kynnt fyrirhugað Evrópumót í sundi á Íslandi 2009, sennilega í október.

Óskað var eftir því að upplýsingar um fyrirhugað verkefni verði send jafnóðum á skrifstofu ÍF en skort hefur á upplýsingar um verkefni á vegum aðildarfélaga ÍF.

Upplýsingar komu fram um sundmót Fjarðar í október 2008

Ábendingar um að Íslandsmót í 25 m laug verði í nóvember 2008, vantaði á verkefnalista

Guðrún Árnadóttir sagði frá afmælistóti Snerpu Siglufirði sem haldið var í tengslum við 20 ára afmæli félagsins 21. nóvember árið 2007.

Íþróttafélaginu Ívari voru færðar hamingjuóskir í tilefni af 20 ára afmæli félagsins sem var hinn 12. mars sl.

Íþróttafélagið Eik verður 30 ára 16. maí n.k. og hyggst félagið efna til afmælisfagnaðar af því tilefni.

3.

EPJ fór yfir flokkunarmál og ferli sem verið hefur í gangi varðandi flokkun fatlaðs íþróttafólks í röðum ÍF. Ítrekað var að flokkun þyrfti að fara fram fyrir alla hreyfihamlaða þannig að allir væru rétt flokkaðir í keppni. Flokkun þroskaheftra hefur verið flókið ferli vegna stöðu á alþjóðavettvangi en lögð var áhersla á að allir sem mögulega gætu orðið „afreksíþróttafólk“ þyrftu að fá rétta flokkun þannig að væntingar væru í samræmi við raunveruleikann. Þeir sem ekki ná lágmarksfötun m.t.t. viðurkenndrar greiningar IPC fá ekki að taka þátt í alþjóðamótum IPC. Rætt var um þörf á nánari fræðslu og kynningu á flokkunar málum fyrir aðildarfélög ÍF.

4.

Ýmis mál

- Guðlaugur Ágússon, Firði kynnti nýtt sundforit sem ÍF hefur keypt til notkunar fyrir aðildarfélögin. Öll aðildarfélög ÍF hafa aðgang að forritinu sem GÁ telur að einfaldi allar skráningar og eigi eftir að nýtast vel m.t.t. upplýsinga og skráninga iðkenda og árangurs þeirra.
- AKV kynnti samstarfsverkefni ÍF og Símans sem fór fram árið 2007. Upphæð sem safnaðist var í þágu fatlaðs sundfólks og ákveðið var að kaupa sundþjálfunarbekki. Upphæð sem starfsfólk Símans safnaði og Síminn greiddi var alls 3.515.000.- Pantaðir hafa verið fjórir bekkir sem fyrirhugað er að verði staðsettir í Reykjavík, Akureyri og í Hafnarfirði. Bekkirnir verða kynntir á heimasíðu ÍF.
- AKV sagði frá starfi GSFÍ og samstarfi við GSÍ. Opnar æfingar verða í sumar eins og áður og mánaðarlega verður opið mót fyrir fatlaða. Staðfest verður nánar hvar æfingar munu fara fram en árið 2007 fóru þær fram í Bású. Forsvarsvmaður er Hörður Barðdal og var fólk beðið að leita til hans varðandi upplýsingar og ráðgjöf. Fólk var hvatt til þess að aðstoða hann við útbreiðslustarfið og leita eftir samstarfi við Golfklúbba í heimabyggð sé áhugi á að fatlaðir fái tækifæri á þessu sviði.

- Kynnt samstarfsverkefni ÍF, ÍA og Þjóts sem fyrirhugað er að setja á stað á Akranesi í þeim tilgangi að efla knattspyrnuíðkun fatlaðra.
- Farið var yfir stöðu mála í öðrum greinum sem þróaðar hafa verið utan aðildarfélaga ÍF.
- Skautaþjálfun fyrir fatlaða fer fram í Egilshöll í Skautafélaginu Birninum, fimleikar fyrir fatlaða eru hjá fimleikafélaginu Gerplu og skíðaiðkun fatlaðra er að mestu bundin við Hlíðarfjall.
- Aðildarfélög ÍF voru hvatt til þess að hvetja aðstandendur til að leita eftir tækifærum á þátttöku í íþróttgreinum sem áhugi er á, sé sú grein ekki til staðar innan aðildarfélaga ÍF. Mikilvægt að hver og einn geti æft þá grein sem hugur stendur til, hvort sem um er að ræða tilboð innan aðildarfélags, hjá almennu félagi eða samstarfsverkefni aðildarfélags og almenns félags.
- Dagskrá Íslandsmóta ÍF 2008 var kynnt. Vegna Íslandsmóta ÍF í boccia óskaði ÓÓ eftir aðstoð við dómgæslu, sé þörf á því.

5.

ÓM greindi frá því að endurnýjaðir hefðu verið samstarfssamningar við Icelandair og Olís. Í tengslum við mótsetningu Íslandsmóts ÍF var fyrirhugað að skrifa undir endurnýjaðan samstarfssamning við Glitni vegna starfsemi Special Olympics á Íslandi. Vegna forfalla hjá Glitni hefur þeirri undirritun verið frestað.

Í farvatninu eru endurnýjaðir samstarfssamningar við Rúmfatalagerinn, Radisson SAS hótél Sögu og MS (Mjólkursamsöluna)

Á fundinum var fundarmönnum kynntur OB lykill sem Olís býður félögum aðildarfélaga ÍF að sækja um.

6.

- Þrír aðilar mættu til kynningar á hjólastólahandbolta, þjálfari og 2 fatlaðir einstaklingar, Arnar Jón Agnarsson, Friðrik Ólason og Gunnar Guðmundsson. Fyrirhugað að hefja æfinga í haust. Óskað aðstoðar varðandi kynningarstarf.
- Jólakort 2008
 - CTH óskaði eftir því að aðildarfélög sendi inn hugmyndir að jólakortum sem hægt yrði að velja úr þegar þörf væri á. Jólakortin gætu verið unnin af iðkendum, verið ljósmyndir eða annað það sem fólk teldi að kæmi til greina sem jólakort ÍF.
- Sambandsþing ÍF 2009.
 - Stjórn ÍF óskaði eftir samþykki formannafundar fyrir því að sambands þing ÍF 2009 gæti farið fram síðar en í apríl þannig að tengja mætti þingið við 20 ára afmæli ÍF. Var tillagan samþykkt.
 - JS Akri sagðist ósáttur við að frjálsíþróttamót ÍF væri á sama tíma og hin mótin en fram kom að aðrir voru mjög ánægðir með að mót færu fram á sama tíma vegna mikils kostnaðar við ferðalög. Upplýst var að mikil ánægja hefði verið með sameiginlega mótið 2007 og því hefði verið talið að þetta fyrirkomulag væri öllum til hagsbóta. Harpa Björnsdóttir, Ívari taldi mjög mikilvægt að sameina keppni eins og hægt er þar sem ferðakostnaður á hvert mót er mjög hár.
- ÞV Suðra óskaði eftir því að félög segðu frá hugmyndum sem þau væru með varðandi nýliðun og/eða hvað hefði verið gert hjá félögum vegna þessa. Umræður urðu um málið og fram komu upplýsingar um einstaka verkefni s.s. útgáfa bæklinga, heimsóknir í skóla

og kynningar fyrir aðstandendur. Einnig kom fram að helstu hindranir snúa að aðgengi að upplýsingum um fatlaða einstaklinga t.d. í skólum. Einnig hefði áhrif viðhorf aðstandenda sem í auknum mæli leggja áherslu á að fatlaðir eigi að vera með sínum jafnöldrum í almennu íþrótt og tómstundastarfi.

- Umræður urðu um skýrslur frá aðildarfélögum og hvort þær ættu að að liggja fyrir í framtíðinni eins og var áður á formannafundum ÍF. Ýmsar ástæður urðu til þess að slíkt féll niður en ákveðið var að endurskoða þennan þátt í því formi sem telst henta best og verða aðgengilegt fyrir önnur félög.
- Rætt um kostnað vegna tölvuvinnslu og útprentunar skjala í stað póstis og stöðu þeirra sem ekki hafa aðgang að tölvu og prentara.
- Rætt um hlutverk þjónustuaðila um málefna fatlaðra og hvort þessir aðilar geti ekki aðstoðað félög varðandi t.d. prentun og upplýsingar. Dæmi er um slíkt s.s. á Siglufirði.
- Fram kom að eitt helsta vandamál varðandi nýliðun og kynningarstarf er „persónuverndarsjónarmið“ sem útilokar aðgang að upplýsingum um hverjir eru fatlaðir á hverjum stað eða í skólum. Mál sem ákveðið var að skoða sérstaklega en þetta mál varðar jafnt aðildarfélög sem skrifstofu ÍF.

Á formannafundinum sæmdi Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ritara stjórnar ÍF Þórð Árna Hjaltsted gullmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf í þágu íþrótt fatlaðra á Íslandi.